

Dreifibréf til lífeyrissjóða sem eru hættir viðtöku iðgjalda. Reykjavík 7. október 1999

Árétting á skyldu lífeyrissjóða sem falla undir 53. gr. laga nr. 129/1997 - slsl. - til að sækja um starfsleyfi.

Af gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram að lífeyrissjóðum sem starfandi eru við gildistöku laga nr. 129/1997 (slsl.) og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda skv. 53. gr. laga nr. 129/1997, er óheimilt að breyta áunnum réttindum sjóðfélaga frá því sem mælt var fyrir um í reglugerð viðkomandi sjóðs eins og hún var við gildistöku laga nr. 129/1997. Lífeyrissjóðum er, þrátt fyrir ofangreint, rétt og skylt að breyta réttindum sjóðfélaga í samræmi við 39. gr. laganna, áskilji tryggingarfræðileg athugun að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á réttindakafla samþykka sjóðsins. Við framkvæmd 39. gr. laganna ber lífeyrissjóðum að tryggja að þær breytingar sem ráðist er í á réttindakafla samþykka sjóðsins, komi jafnt niður á öllum sjóðfélögum.

Kjósi lífeyrissjóður hins vegar að breyta réttindakafla samþykka sjóðsins af öðrum ástæðum við útgáfu starfsleyfis, ber sjóðnum að sækja um starfsleyfi skv. 52. gr. laga nr. 129/1997 og uppfylla skilyrði laga nr. 129/1997 að öðru leyti.

F.h.r.

Sic.

Reykjavík 7. október 1999